

**Ársskýrsla  
Stígamóta  
1992**

## Efnisyfirlit.

Stofnun og markmið Stígamóta.  
Starfsemi Stígamóta 1992.

-Rekstur og skipulag.

Ráðgjöf

-Starfshættir.

-Starf á landsbyggðinni.

-Sjálfs hjálparhópar.

-Tólf spora fundir.

- Sjálfsvarnarnámskeið.

Fræðslu- og upplýsingastarf.

-Námskeið og fræðslufundir.

Tölulegar upplýsingar.

-Fjöldi mála og tölulegar

upplýsingar um þau.

## Stofnun og markmið Stígamóta

Hinn 8. mars 1989 á alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða meðal íslenskra kvenna um nokkurt mál.

Forsaga þessarar samstöðu var nokkurra ára starf ýmissa sjálfbóðaliða hópa kvenna að þessu máli og höfðu þeir forgöngu að ofangreindu samstarfi. Hóparnir kynntu starfsemi sína á fjölmönnum baráttufundi, sem haldinn var í Hlaðvarpanum. Þessir hópar voru Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum. Á baráttufundinum 8. mars 1989 var samþykkt og birt eftirfarandi ályktun:

- að gert verði átak til fræðslu um kynferðislegt ofbeldi
- að tekið verði á málum sem snerta kynferðislegt ofbeldi af mannúð og skilningi.
- að opinberir aðilar taki mark á reynslu þeirra sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi og þeirra kvannahópa sem unnið hafa að þeim málum og leggi þessa reynslu til grundvallar við ákvarðanir um úrbætur í meðferð kynferðisofbeldis mála.
- að tillögum skýrslu nauðgunarmálanefndarinnar um neyðarmóttöku fyrir konur sem hefur verið nauðgað, verði hrundið í framkvæmd tafarlaust.
- að meðferð á málefnum barna, sem beitt eru kynferðislegu ofbeldi, verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar.

Á fundinum voru einnig stofnuð Samtök kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi. Markmiðið var að sameina kraftana til að auka og bæta ráðgjöf og fræðslu um kynferðislegt ofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfbóðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin snérist ekki um hvort þörf væri fyrir hendi fyrir meiri þjónustu fyrir fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis - heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Ákveðið var að setja markið hátt og stefna að því að opna ráðgjafar- og fræðslumiðstöð um kynferðislegt ofbeldi og byggja á starfsreynslu sjálfbóðaliðahópanna.

Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting á fjárlögum ársins 1990. Stígamót opnuðu síðan 8. mars 1990. Ársskýrsla sú, sem hér birtist er því skýrsla um þriðja starfsár Stígamóta.

Markmiðið með starfi Stígamóta er tvíþætt:

Annars vegar að veita konum og börnum hvaðanæva af landinu, sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi, stuðning og ráðgjöf þeim að kostnaðarlausu.

Hins vegar að vera fræðslu og upplýsingamiðstöð fyrir almenning og starfshópa, sem líklegt er að þurfi að sinna þolendum kynferðisofbeldis í starfi sínu.

## **Starfsemi Stígamóta 1992**

### Rekstur og skipulag

Starfsemi Stígamóta hefur vaxið ár frá ári. Á fyrsta starfsárinu voru skráð 503 viðtöl við 250 einstaklinga. Árið eftir (1991) höfðu þau ríflega tvöfaldast, voru 1066 við 305 einstaklinga. Á árinu 1992 voru tekin 1395 viðtöl á Stígamótum við 456 einstaklinga. Fjöldi viðtala jókst því um 31% milli árána 1991 og 1992.

Auk viðtala á árinu fór mikið ráðgjafarstarf fram í gegnum síma. Er þar um að ræða bæði ráðgjöf við einstaklinga út á landi vegna nýrra mála og ráðgjöf vegna mála einstaklinga, sem áður hafa leitað til Stígamóta. Lausleg samantekt á fjölda símtala sýnir að að jafnaði er tekið á móti 25-30 símtölum á hverjum vinnudegi. Af þeim eru um það bil 2/3 ráðgjafarsímtöl vegna nýrra og eldri mála. Hin símtölin snerta ýmis konar upplýsingar, sem beðið er um og pantanir á viðtölum og fræðslu. Eins og áður var skrifstofa Stígamóta opin frá kl. 9 til 19 alla virka daga.

Meiri hluta ársins voru stöðugildi á skrifstofu 2.25 en á haustmánuðum voru þau aukin í 2.5 stöðugildi vegna sívaxandi aðsóknar. Þrátt fyrir það var nauðsyn að vinna yfirvinnu á háannatímanum. Allt starf leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum svo og kynningar, námskeiðs og fræðslustarf var unnið utan fasts vinnutíma.

Fastir starfsmenn Stígamóta á árinu voru Ásgerður Sigurðardóttir, Guðrún Jónsdóttir, Jónína Gunnlaugsdóttir og Sigurjóna Kristinsdóttir. Ásgerður og Sigurjóna hættu störfum á árinu og í þeirra stað voru ráðnar Heiðveig Ragnarsdóttir og Theódóra Þórarinsdóttir. Auk launaðra starfsmanna er fjöldi kvenna, sem vinnur sjálfboðaliðastarf á skrifstofunni á álagstímum.

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og starfshættir allir markast af því. Ábyrgð starfsmanna í daglegu starfi er jöfn. Við ráðningu starfsmanna er fremur tekið mið af því hvort þær hafi sjálfar orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða hafi langa reynslu af starfi með konum, sem fyrir því hafa orðið, en menntun eða sérfræðikunnáttu. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggi ávallt á reynslu þeirra sem þangað leita.

Framkvæmdahópur, sem er skipaður fulltrúum frá sjálfboðaliða hópunum, sem nefndir voru að ofan og og fulltrúum starfskvenna, ræðir og tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir fjármál Stígamóta. Tekjur Stígamóta eru opinberir styrkir frá ríki og einstaka sveitarfélögum, styrkir frá einstaklingum og fyrirtækjum svo og eigin fjáröflun. Heildarrekstrarútgjöld voru á árinu rúmlega 11.6 miljónir króna.

## Ráðgjöf

### Starfshættir

Þegar þolendur kynferðislegs ofbeldis leita fyrst til Stígamóta er þeim boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp ef langt er um liðið, og setja það í orð, eru oftast fyrstu skrefin í þá veru að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þolenda. Þolendur ráða sjáfir ferðinni, hve mikinn stuðning þeir vilja og í hve langan tíma. Margir þolendur velja að taka þátt í sjálfshjálparhóp eftir nokkur viðtöl. Aðrir velja eingöngu einstaklingsviðtöl. Hvort heldur er, beinist allt starfið að því að aðstoða þolendur við að byggja aftur upp sjálfstraust sitt og sjálfsmynd.

Stuðningur og ráðgjöf starfsmanna Stígamóta er ekki eingöngu bundinn við þolendur kynferðislegs ofbeldis. Það nær líka til aðstandenda þolenda, sé þess óskað. Einn starfsmaður Stígamóta hefur einnig farið vikulega að meðferðarheimilinu að Tindum og veitt starfsfólki og vistmönnum þar ráðgjöf.

Í vaxandi mæli er leitað til Stígamóta þegar víska er fyrir eða grunur vaknar um kynferðislegt ofbeldi á börnum. Þá er það m.a. hlutverk starfsmanna Stígamóta að vinna trúnað og traust barna og fá þau til að segja frá því ofbeldi sem þau hafa orðið fyrir eða hugsanlega orðið fyrir ef um grun er að ræða.

Leiði þessi vinna til þess að börnin segja frá kynferðislegu ofbeldi sem þau hafa verið beitt og þegar barnið og aðstandendur þess, oftast móðir þess, hafa fengið tækifæri til að ræða málin, ákveða þau hvort þau vilja kæra til viðkomandi barnaverndaryfirvalda eða lögreglu. Hver sem ákvörðunin verður, þurfa barnið og aðstandendur þess mikinn stuðning, skilning og aðstoð, oftast í langan tíma eftir að ljóst er að barn hefur verið misnotað kynferðislega.

Aðstoða barna og aðstandenda, sem búa út á landi í litlum sveitarfélögum, er afar erfið þegar svona stendur á. Það helgast af tvennu. Fjarlægðar frá þjónustu Stígamóta þar sem símtöl verða eini möguleikinn til að fá ráðgjöf og stuðning. Jafnframt hafa barnaverndarnefndir í strjálbýli takmarkaða möguleika til að sinna slíkum málum vegna starfsmannaskorts og oft á tíðum náinna tengsla og jafnvel skyldleika nefndarfólks við íbúa.

### Starf á landsbyggðinni.

Frá því að Stígamót hófu starfsemi sína, höfum við reynt að stuðla að því með fræðslu og námskeiðahaldi að koma á sjálfshjálparhópum þolenda kynferðislegs ofbeldis úti á landi. Á árinu störfuðu eða voru stofnaðir sjálfshjálparhópar á Vopnafirði, Blönduósi, Akureyri og Ísafirði. Starf þessara sjálfshjálparhópa er á vegum heimakvænna, en starfsmenn Stígamóta hafa veitt þeim stuðning og ráðgjöf, bæði gegnum síma og með heimsóknum. Er það von okkar að enn fleiri sjálfshjálparhópar út á landi taki til starfa á næstu árum.

Á árinu eins og árið áður gengust Stígamót fyrir sérstöku átaki gegn nauðgunum í tengslum við útihátíðir út á landi um Verslunarmannahelgina. Seldir voru bolir með slagorðinu NEI ÞÝÐIR NEI - NAUÐGUN ER GLÆPUR. Jafnframt voru sex starfsmenn Stígamóta við störf á þremur útihátíðunum; í Vestmannaeyjum, á Eiðum og á Kaldármelum, tveir á hverjum stað. Eins og áður, kom í ljós að brýn nauðsyn var á þessari þjónustu og veittu starfsmenn 20 stúlkum aðhlyningu, aðstoð og ráðgjöf. Ýmist var um að ræða nauðganir sem áttu sér stað þá um helgina eða um eldri mál var að ræða.

Reynt var að fá það felld inn í leyfisveitingu fyrir útihátíðir að mótshaldarar sjálfir bæru kostnað af starfi Stígamóta á útihátíðunum. Ekki fékkst það samþykkt í þetta sinn, en áfram er unnið að því að sú skipan komist á.

### Sjálfs hjálparhópar.

Á árinu störfuðu 41 sjálfshjálparhópur á vegum Stígamóta. Tuttugu og sex þeirra voru fyrir þolendur sífjaspella og 8 fyrir þolendur nauðgana. Konurnar sem tóku þátt í hópunum voru á öllum aldri, en sérstakir hópar voru fyrir unglingsstúlkur. Auk þessa störfuðu þrír hópar mæðra barna, sem orðið hafa fyrir sífjaspellum og hópur eiginmanna kvenna, sem orðið hafa fyrir sífjaspellum. Jafnframt hófst starfsemi barnahópa, þ.e. unnið var með börnum, sem nýlega höfðu sagt frá sífjaspellum í litlum hópi. Á árinu störfuðu þrír slíkir hópar.

Reynslan af sjálfshjálparstarfinu öllu hefur verið mjög góð. Í þessum hópum kemur fólk saman til þess að deila hvert með öðru reynslu sinni af afleiðingum kynferðislegs ofbeldis og sækja þangað styrk til að takast á við vandamálin sem rekja má til afleiðinga sífjaspella og nauðgunar. Í hópstarfinu verður ljóst að maður er ekki einn og að ábyrgðin á ofbeldinu er þess sem framdi það. Hópstarfið eins og allt annað starf Stígamóta byggir á algjörri þagnarskyldu um mál einstaklinga sem þangað leita.

Í hverjum sjálfshjálparhóp eru að jafnaði 5-6 konur og tveir leiðbeinendur. Leiðbeinendur eru konur, sem sjálfar hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og hafa unnið úr þeirri reynslu. Hóparnir eru lokaðir og hittast í 15 skipti á þriggja mánaða tímabili.

### Tólf spora fundir.

Eftir að sjálfshjálparhóp lýkur gefst þolendum sífjaspella kostur á að sækja fundi þar sem unnið er eftir svo kölluðu tólf spora kerfi sífjaspellisþolenda. Fundirnir eru vikulega, klukkutíma í senn.

### Sjálfsvarnarnámskeið.

Stígamót hafa staðið fyrir sjálfsvarnarnámskeiðum undanfarin ár. Árið 1992 voru haldin þrjú slík námskeið. Sjálfsvarnarnámskeið eru 18 stunda námskeið ætluð konum. Markmið námskeiðanna er annars vegar að kenna konum einföld líkamleg varnarviðbrögð ef á

þær er ráðist og hins vegar að efla sjálfstraust kvenna. Námskeiðin skiptast í verklegar æfingar og umræður um hvað sé kynferðislegt ofbeldi og tilfinningar samfara því að verða fyrir slíku ofbeldi. Að frumkvæði og á vegum Stígamóta hefur sjálfsvarnarkennsla verið tengd leikfímkennslu í nokkrum framhaldsskólum í Reykjavík.

### Fræðslu- og upplýsingastarf.

#### Námskeið og fræðslufundir.

Á árinu jukust beiðnir um fræðslu- og námskeiðahald verulega. Þannig voru haldin 20 námskeið um sífjaspell og nauðganir á eftirfarandi stöðum: Reykjavík, Akranesi, Grindavík, Akureyri, Hólmavík, Blönduósi og Bolungarvík. Beiðnir um námskeið komu frá ákveðnum starfsmannahópum á þessum stöðum, oftast kennurum og fósturum. Á námskeiðunum hefur verið fjallað um tíðni, orsakaskýringar, eðli, einkenni svo og skammtíma og langtíma afleiðingar kynferðislegs ofbeldis á þá sem fyrir þeim verða. Einnig var fjallað ítarlega um hvernig best má bregðast við þegar kynferðislegt ofbeldi kemur upp, bæði hvað varðar lagalegar skyldur og stuðning við þolendur.

Æ fleiri félög og félagasamtök hafa einnig beðið um að fá fræðsluerindi um starfsemi Stígamóta og kynferðislegt ofbeldi á fundi hjá sér. Á árinu mættu fulltrúar Stígamóta á 25 slíka fundi, bæði í Reykjavík og úti á landi.

Talsverður fjöldi skólafólks á framhalds- og háskólastigi leitaði til Stígamóta vegna verkefna um kynferðislegt ofbeldi, sem þau voru að vinna. Þessir nemendur hafa bæði fengið kynningu á starfi Stígamóta, lesefni um málaflokkinn og ábendingar um frekari heimildir.

## Tölulegar upplýsingar

Fjöldi nýrra mála árið 1992 og tölulegar upplýsingar um þau.


Á árinu 1992 leituðu 456 nýir einstaklingar til Stígamóta, en það er 33% aukning frá árinu 1991.

Á þeim þremur árum sem Stígamót hafa starfað hafa því 1011 einstaklingar leitað til Stígamóta. Hér að neðan verður í tölulegu formi gerð grein fyrir ýmsum félagslegum þáttum sem snerta þá 456 einstaklinga sem komu í viðtöl á árinu 1992 og ofbeldismennina, sem beittu þá kynferðislegu ofbeldi.

Tafla 1:

Skipting þolenda eftir kyni þeirra.

	Fjöldi	Hlutf.
Konur	429	94,1%
Karlar	27	5,9%
	456	100,0%




Tafla 1 sýnir svipuð hlutföll karla og kvenna sem leita til Stígamóta eins og á fyrri árum, konur eru þar í miklum meirihluta.

Tafla 2:

Ástæður þess að leitað er til Stígamóta.

	Fjöldi	Hlutf.
Sifjaspell og afleiðingar þeirra	333	61,7%
Nauðgun og afleiðingar þeirra	159	29,4%
Grunur um sifjaspell	28	5,2%
Grunur um nauðgun	3	0,2%
Kynferðisleg áreitni	16	3,0%
Annað	3	0,6%
	540	100,0%






Í töflu 2 má sjá hver ástæðan er fyrir komu þeirra sem leituðu, en eins og áður leita flestir vegna sifjaspella og afleiðinga þeirra. Af þeim hópi höfðu 76 eða 16,7% einnig orðið fyrir nauðgun. Leitað var með 28 einstaklinga (5,2%) oftast börn, vegna gruns um sifjaspell og var sá grunur staðfestur í frásögnum barnanna í flestum tilvikum.

**Tafla 3:**  
**Hverjir leita til Stígamóta?**

	Fjöldi	Hlutf.
Polandi	399	86,8%
Móðir polanda	39	8,6%
Annað náð skyldmennti	14	3,1%
Vinur / kunningi polanda	2	0,4%
Fagaðili sem polandi hefur leitað til	1	0,2%
Ofbeldismaður	1	0,2%
Annað	3	0,7%
	456	100,0%




Langoftast eru það polendur sjálfar/ir sem leita aðstoðar. Í þeim tilvikum þegar annar en polandi leitar aðstoðar eru það einhverjir nákomnir polanda, oftast mæður ungra barna.

**Tafla 4:**  
**Aldur polenda þegar þær/þeir koma og þegar ofbeldið hófst.**

Aldur polenda þegar leitað er

	Fjöldi	Hlutf.
0 til 4 ára	39	8,6%
5 til 9 ára	42	9,2%
10 til 16 ára	69	15,1%
17 til 19 ára	54	11,8%
20 til 29 ára	134	29,4%
30 til 39 ára	89	19,5%
40 til 49 ára	19	4,2%
50 til 59 ára	8	1,8%
60 ára og eldri	2	0,4%
	456	100,0%

Aldur polenda



Aldur polenda þegar ofbeldið er framið

	Fjöldi	Hlutf.
0 til 4 ára	133	29,4%
5 til 9 ára	176	38,9%
10 til 16 ára	104	23,0%
17 til 19 ára	17	3,8%
20 til 29 ára	15	3,3%
30 til 39 ára	6	1,3%
40 til 49 ára	1	0,2%
50 til 59 ára	1	0,2%
	453	100,0%

Af 456 þolendum voru 150 eða 1/3 þeirra er komu á Stígamót sextán ára og yngri. Þetta er sambærilegt hlutfall barna og unglunga og árið áður. Töflurnar sýna enn fremur að 95% þolenda hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir tvítugsaldur. Þessar tölur eru uggvænlegar og benda til þess að kynferðislegt ofbeldi á börnum og ungmönnum sé enn verulegt vandamál.

### Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður þolenda.

Flestir þolendur ólust upp hjá báðum foreldrum. Áttatíu og níu þeirra eða 19.5% bjuggu við líkamlegt ofbeldi í bernsku.


Hjúskaparstaða þeirra er þær/þeir leituðu til Stígamóta var þannig að 27.2% voru einhleypar/ir, 31.3% voru gift eða í sambúð, 12.1% voru skilin, 0.4% voru ekkjur og 28.9% voru börn innan við 16 ára aldur. Sjötíu og fjórir þolendur eða 16.2% höfðu búið við ofbeldi í hjúskap eða sambúð.

### Tafla 5:

#### Menntun og atvinna þolenda.

	Fjöldi	Hlutf.
Innan við skólaaldur	45	10,9%
Er í skyldunámi	64	20,4%
Er í framhaldsnámi	38	9,2%
Er í háskólanámi	20	4,9%
Lokið skyldunámi	134	32,5%
Lokið menntaskóla	33	8,0%
Lokið háskólanámi	18	4,6%
Lokið öðru sérnámi	39	9,5%
	412	100,0%

Menntun þolenda



Menntun þolenda aðgreint eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Gr. um sifjasp.		Kynferðisl. áreitni		Annað	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Innan við skólaaldur	28	8,4%	2	1,3%	11	39,3%	4	25,0%	0	0,0%
Er í skyldunámi	64	19,2%	11	6,9%	11	39,3%	3	18,8%	1	25,0%
Er í framhaldsnámi	23	6,9%	18	11,3%	0	0,0%	2	12,5%	0	0,0%
Er í háskólanámi	13	3,9%	11	6,9%	2	7,1%	1	6,3%	0	0,0%
Lokið skyldunámi	104	31,2%	59	37,1%	3	10,7%	4	25,0%	1	25,0%
Lokið menntaskóla	24	7,2%	14	8,8%	1	3,6%	1	6,3%	0	0,0%
Lokið háskólanámi	16	4,8%	6	3,8%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Lokið öðru sérnámi	29	8,7%	17	10,7%	0	0,0%	0	0,0%	1	25,0%
	333		159		28		16		4	

Atvinna þolenda	fjöldi	hlutfall
i Nemar	199	43.6
✓Afgreiðslu og skrifstofufólk	54	11.8
✓Húsmæður	46	10.1
✓Verkakonur	28	6.1
✓Atvinnulausir	23	5.0
✓Öryrkjar	20	4.5
✓Leikskólastörf	17	3.7
✓Hjúrkrunarstörf	13	2.8
✓Iðnlært starfsfólk	12	2.6
Starfsfólk á		
✓meðferðarstofnunum	9	2.0
✓Sérfræðistörf	8	1.8
✓Kennarar	7	1.5
✓Eigin atvinnurekstur	4	0.9
✓Bændakonur	3	0.7
✓Leikkonur	2	0.4
✓Óvíst	11	2.5
Samtals	456	100.0

Taflan sýnir að bæði starfs- og menntunar bakgrunnur þolenda kynferðislegs ofbeldis er margbreytilegur. Auk þess, sem kemur fram í töflunum hér að ofan um menntun þolenda, hafa 21 eða 4,6% ekki lokið skyldunámi og óvíst er um menntun 23 eða 5%.

Tafla 6:


Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað.

	Fjöldi	Hlutf.
Reykjavík	193	44,0%
Kópavogur	18	4,1%
Hafnarfjörður	39	8,9%
Seltjarnnes	2	0,5%
Garðabær	9	2,1%
Mosfellsbær	2	0,5%
Úti á landi	192	43,7%
Erlendis	35	8,0%
	439	

	Fjöldi	Hlutf.
Töku afstöðu	439	96,3%
Á ekki við	7	1,5%
Óvíst	10	2,2%
	456	100,0%

Í hvaða sveitarfélagi átti ofbeldið sér stað



Taflan sýnir að í rúmlega helmingi tilvika hefur ofbeldið átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu. Það sem flokkað er undir úti á landi er


bæði þéttbýli og dreifbýli á landsbyggðinni. Kynferðislegt ofbeldi á sér sem sagt stað bæði í dreifbýli og þéttbýli. Óvíst er í hvaða sveitarfélagi ofbeldið átti sér stað í 10 tilvikum eða 2,2%.

### Tafla 7:

#### Búseta þolenda þegar leitað er til Stígamóta

	Fjöldi	Hlutf.
Reykjavík	247	54,4%
Kópavogur	45	9,9%
Hafnarfjörður	38	8,4%
Seltjarnarnes	2	0,4%
Garðabær	6	2,0%
Mosfellsbær	3	0,7%
Úti á landi	105	23,1%
Erlendis	5	1,1%
<b>Samtals</b>	<b>454</b>	<b>100,0%</b>

	Fjöldi	Hlutf.
Töku afstöðu	454	99,8%
Töku ekki afst.	2	0,4%
<b>Samtals</b>	<b>456</b>	<b>100,0%</b>



Búseta nú aðgreint eftir tegund ofbeldis


	Sifjaspell		Nauðgun		Gr. um sifjasp.		Kynferðisl. áreitni		Annað	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Reykjavík	176	52,9%	99	62,3%	18	64,3%	10	62,5%	2	50,0%
Kópavogur	26	7,8%	18	11,3%	3	10,7%	2	12,5%	0	0,0%
Hafnarfjörður	30	9,0%	13	8,2%	2	7,1%	0	0,0%	0	0,0%
Seltjarnarnes	1	0,3%	1	0,6%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Garðabær	6	1,8%	2	1,3%	2	7,1%	0	0,0%	0	0,0%
Mosfellsbær	1	0,3%	1	0,6%	0	0,0%	1	6,3%	0	0,0%
Úti á landi	88	26,4%	24	15,1%	2	7,1%	3	18,8%	2	50,0%
Erlendis	4	1,2%	0	0,0%	1	3,6%	0	0,0%	0	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>333</b>		<b>159</b>		<b>28</b>		<b>16</b>		<b>4</b>	

Mikill meiri hluti þolenda, sem leita til Stígamóta, býr á Stór-Reykjavíkursvæðinu eða 75%. Það kemur ekki á óvart þegar haft er í huga hve erfitt það getur verið fyrir fólk, sem búsett er út á landi, að sækja þjónustu til Reykjavíkur.

**Tafla 8:**  
**Hve lengi stóðu sífjaspellin?**


	Fjöldi	Hlutf.
Eitt skipti	49	14,3%
Þrjú mánuði	39	11,4%
4 til 6 mánuði	18	4,7%
6 til 12 mánuði	26	7,6%
Eitt ár	21	6,1%
Tvö ár	23	6,9%
Þrjú ár	30	8,7%
Fjógu ár	34	9,9%
Fimm ár	24	7,0%
Sex ár	17	5,0%
Sjö ár	11	3,2%
Átta ár	17	5,0%
Níu ár	12	3,5%
Tíu ár	3	0,9%
Lengur en tíu ár	25	7,4%
	343	100,0%

**Hve lengi stóðu sífjaspellin**



333 polenda höfðu orðið fyrir sífjaspellum. Þær tölur sem hér koma fram um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir, ber að taka með varúð. Það reynist þolendum oftast erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Hlutfallslega flestir þolenda muna aðeins eftir einu skipti en oft reynist það svo við frekari úrvinnslu að bak við þetta eina skipti getur leynst langtíma misnotkun.

**Tafla 9:**  
**Algengustu afleiðingar kynferðislegs ofbeldis.**




Hér er reynt að gefa til kynna tölulega þær afleiðingar kynferðislegs ofbeldis, sem þolendur nefna oftast. Í súluritinu er

getið um flash-backs og er beðist velvirðingar á þessari ensku slettu en við leggjum til að kalla þetta fyrirbæri svipmyndir. Um er að ræða, að myndir tengdar kynferðislega ofbeldinu skjóta skyndilega og án fyrirvara upp kollinum í huga þolenda og valda miklu hugarangri. Erfiðleikar í kynlífi, depurð og þunglyndi eru algengustu afleiðingar kynferðislegs ofbeldis.

### Tafla 10:

Hvar átti kynferðislega ofbeldið sér stað?





Í langsamlega flestum tilvikum átti ofbeldið sér stað á sameiginlegu heimili þolenda og ofbeldismannsins eða heimili ofbeldismannsins. Í tæplega 1/4 tilvika á ofbeldið sér stað annarsstaðar. Hér er um að ræða staði eins og í bifreiðum, á leiksvæðum barna, í útilegum og almennt á víðavangi.


### Tafla 11:

Ekki sagt frá og sagt frá og þá hverjum?

Sagði þolandi strax frá ofbeldi



Hverjum sagði þolandi frá ofbeldinu




174 þolendur eða tæplega 1/3 sögðu frá ofbeldinu meðan á því stóð eða strax eftir að því lauk. Súlu- og skífuritið hér að ofan sýnir annars vegar hve stór hluti þolenda sagði strax frá ofbeldinu og hins vegar hverjum þær/þeir sögðu frá því.

Í 99 eða 57% tilvika var frásögn þolenda trúað. Frásögn 36 (21%) var trúað, en ekkert gert í málinu og í 38 (22%) tilvikum fékk þolandi aðstoð einhvers úr fjölskyldunni. Frásögn 16 (9%) þolenda var ekki tekin trúanleg.


### Tafla 12:

#### Kærð kynferðisofbeldismál.

Var málið kært til lögreglu



Var málið kært til barnaverdarnefndar



Af málum þeirra 456 einstaklinga er leituðu til Stígamóta árið 1992 voru 133 mál kærð til barnaverndarnefnda og lögreglu. Oftast er það móðir sem kærir til barnaverndarnefnda eða í 45% tilvika. Hins vegar er það þolandi sem oftast kærir til lögreglu eða í 62% tilvika.


Eftir því sem næst verður komist náðu 12 mál eða 9% héraðsdómsstigi, og þar var einn ofbeldismaðurinn sýknaður. Rétt er að benda á að kærð mál eru bæði gömul og ný mál.

## Tafla 13:

Hverjir vita um ofbeldið þegar leitað er til Stígamóta og hvernig voru viðbrögð þeirra?


	Fjöldi	Hlutf.
Eiginmanni / sambylismanni	138	16,8%
Móður	109	13,4%
Fóður	84	10,2%
Systkinum	83	10,1%
Ömmu	17	2,1%
Afa	14	1,7%
Vinum / kunningum	133	16,2%
Öðrum	94	11,4%
Engum	81	7,4%
	823	100,0%

Hverjir vita um ofbeldið þegar leitað er til Stígamóta



	Fjöldi	Hlutf.
Jákvæður	330	71,8%
Neikvæður	60	13,0%
Hlutlaus	71	15,4%
	461	100,0%

Hvernig voru viðbrögð þeirra




Langsamlega flestir hafa sagt einhverjum og sumir mörgum frá ofbeldinu sem þær/þeir hafa orðið fyrir þegar leitað er til Stígamóta. Í yfirgnæfandi meirihluta tilvika voru viðbrögð þeirra sem þolandi hafði sagt frá jákvæð.




Tafla 14:  
Sjálfsvígstíraunir polenda.

Hefur polandi gert tíraunir til sjálfsvígs



Hversu oft




Sjötíu og þrjár polendur eða 16% höfðu gert tíraunir til sjálfsvígs áður en leitað er til Stígamóta. Súluritið sýnir hversu oft þessir einstaklingar hafa gert slíkar tíraunir.

Tafla 15:  
Leitað aðstoðar annarsstaðar en á Stígamótum.

Staður	Fjöldi	Hlutf.
Barna- og unglingageðdeildar	11	1,8%
Unglingaheimilis ríkisins	14	2,3%
Rauða Kross hússins	9	1,5%
Kvennaathvarfsins	18	3,0%
Félagsmálastofnun	51	8,5%
Geðdeildar	29	4,8%
Geðlækna í viðtöl	49	8,2%
Sálfræðinga í viðtöl	88	14,7%
Félagsráðgjafa í viðtöl	24	4,0%
Áfengis- eða vímuefnamedferð	48	8,0%
Annað	39	6,5%
Engin aðstoð	220	36,7%
<b>Samtals</b>	<b>600</b>	<b>100,0%</b>

Hefur polandi leitað til




241 (52.8%) þeirra er leituðu sér aðstoðar á Stígamótum árið 1992 höfðu áður leitað aðstoðar víðar og sumir á fleiri en einum stað. Í töflu 16 hér að neðan kemur fram að 60% höfðu rætt um það kynferðislega ofbeldi er þeir höfðu orðið fyrir við þessa hjálparaðila. Ríflega helmingi þeirra fannst að þeir hefðu mætt góðum skilningi en 44% töldu sig hafa mætt neikvæðum viðbrögðum þegar rætt var um það kynferðislegt ofbeldi er þær/þeir höfðu orðið fyrir.


Tafla 16:

Hve margir polendur höfðu rætt um ofbeldið við hjálparaðila?


Var rætt um ofbeldið



Finnst polanda hann hafi mætt skilningi



Hvernig var tekið á því




Tafla 17:

Fjöldi ofbeldismanna og kyn þeirra.

Kyn	fjöldi	hlutfall
Konur	10	1.3
Karlar	776	98.7
<b>Samtals</b>	<b>786</b>	<b>100.0</b>

	Fjöldi	Hlutf.
Einn	258	58,4%
Tveir	109	24,7%
Þrjár	36	7,9%
Fjórir	27	5,0%
Fimm	8	1,8%
Sex eða fleiri	10	2,3%
	442	100,0%



Hve margir hafa beitt ofbeldi aðgreint eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Gr. um sifjasp.		Kynferðisl. áreitni		Annað	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Einn	185	55,6%	49	30,8%	13	46,4%	11	68,8%	2	50,0%
Tveir	84	25,2%	56	35,2%	2	7,1%	2	12,5%	0	0,0%
Þrjár	28	8,4%	28	17,6%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Fjórir	19	5,7%	14	8,8%	0	0,0%	1	6,3%	0	0,0%
Fimm	7	2,1%	5	3,1%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Sex eða fleiri	10	3,0%	7	4,4%	0	0,0%	2	12,5%	1	25,0%
	333		159		28		16		4	


Í heild eru ofbeldismennirnir 786 og yfirgnæfandi meirihluti þeirra eru karlar. Í töflunni hér að ofan skýrist hvers vegna ofbeldismennirnir eru fleiri en þolendur. Eins og taflan ber með sér verða sumir þolendur fyrir ofbeldi af hendi fleiri en eins ofbeldismanns. Í 14 (3,1%) tilvikum er óvíst um fjölda ofbeldismanna.

Tafla 18:


Tengsl ofbeldismannanna og þolenda

	Sifjaspell		Nauðgun		Gr. um sifjasp.	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Faðir	77	17,3%	0	0,0%	9	33,3%
Móðir	1	0,2%	0	0,0%	0	0,0%
Stjúpfaðir	43	9,6%	0	0,0%	2	7,4%
Afi	38	8,5%	0	0,0%	2	7,4%
Amma	1	0,2%	0	0,0%	0	0,0%
Bróðir	49	11,0%	0	0,0%	1	3,7%
Systir	1	0,2%	0	0,0%	0	0,0%
Frændi	114	25,6%	11	4,0%	2	7,4%
Frænka	3	0,7%	0	0,0%	0	0,0%
Vínur / kunningi	112	25,1%	142	51,1%	3	11,1%
Vínkona	2	0,4%	0	0,0%	0	0,0%
Eiginmaður / sambýlismaður	0	0,0%	42	15,1%	0	0,0%
Ókunnugur karl	0		83		0	
Annað	5	1,1%	0	0,0%	0	0,0%
	446		278		27	


## Tengsl ofbeldismanna við þolendur



## Tengsl ofbeldismanna við þolendur í sífjaspellum



## Tengsl ofbeldismanna við þolendur í nauðgunum



Sífjaspell skilgreinum við á þann veg að einhver nákominn barni og/eða sá sem barnið er háð um umönnun og framfærslu beitir það kynferðislegu ofbeldi. Allir þeir sem eru sífjaspella ofbeldismenn í töflunni að ofan voru í slíkum tengslum við börnin. Tengslin skýra


sig sjálf, en þó er rétt að vekja athygli á að þeir sem flokkast undir vini/kunningja eru t.d. góðir vinir fjölskyldunnar, nágrannar, sem hafa samgang við hana svo og bændur, sem börn eru vistuð hjá í sumardvalir eða fóstur.

Í töflunni er vert að vekja athygli á því að 83 (29.8%) nauðgarar eru ókunnugir, alla hina þekktu konurnar. Lítið hefur hingað til verið rætt um nauðganir eiginmanna/sambýlismanna á mökum sínum. Taflan ber með sér að slíkar nauðganir eru ekki óalgengar, en 42 (15.1%) nauðgaranna eru eiginmenn/sambýlismenn kvennanna sem þeir nauðga. Sé lítið á hlutfall ókunnugra, sem hafa beitt þolendur kynferðis ofbeldi, kemur í ljós að þeir eru aðeins 11.2% ofbeldismannanna. Gamla goðsögnin um að konum og börnum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.


#### Tafla 19:

#### Hafa ofbeldismennirnir einnig beitt aðra ofbeldi?

Er vitað að ofbeldismaður hafi beitt aðra sífjaspellum



Er vitað að ofbeldismaður hafi beitt aðra nauðgun



Ljóst verður af frásögnum þeirra er leita til Stígamóta að hluti ofbeldismanna misnotar ekki aðeins þann sem leitar aðstoðar, sú/sá hin sama veit oft um aðra sem ofbeldismaðurinn hefur einnig misnotað innan fjölskyldunnar eða meðal nákominna ættingja eins og taflan hér að ofan ber með sér.

Tafla 20:

Aldur og menntun ofbeldismannanna.

<u>Aldur</u>	<u>fjöldi</u>	<u>hlutfall</u>
Yngri en 10 ára	23	2.9
10 - 15 ára	62	7.9
15 - 20 ára	115	14.6
20 - 30 ára	164	20.8
30 - 40 ára	172	21.9
40 - 50 ára	91	11.6
50 - 60 ára	39	5.0
60 ára og eldri	25	3.2
<u>Óvíst</u>	<u>95</u>	<u>12.1</u>
Samtals	786	100.0

Menntun

<u>ofbeldismannanna.</u>	<u>fjöldi</u>	<u>hlutfall</u>
Er í skyldunámi	33	4.2
Er í framh. skóla	9	1.1
Er í háskólanámi	6	0.8
Lokið skyldunámi	179	22.8
Lokið framh. skóla	30	3.8
Lokið háskólanámi	23	2.9
Lokið öðru sérnámi	56	7.1
<u>Óvíst</u>	<u>450</u>	<u>57.3</u>
Samtals	786	100.0

Töflurnar, sem sýna aldur menntun og störf ofbeldismannanna miðast við þann tíma sem þeir frömdu ofbeldið. Ofbeldismennirnir eru á öllum aldri. Eins og taflan ber með sér eru 10.8% ofbeldismannanna yngri en 15 ára. Það virðist því næsta algengt að ungir drengir beiti sér yngri börnum ofbeldi af kynferðislegum toga. Vert er að taka fram að hér er ekki um að ræða meinlausa "læknisleiki" barna. Þolendur ofbeldisins upplifa það sem ógnandi og meiðandi. Flestir eru ofbeldismennirnir annars á "besta" aldri. Óvíst er hver menntun rúmlega helmingis ofbeldismannanna var, en þær tölur sem liggja fyrir um menntun hinna sýna að menntunarlegur bakgrunnur þeirra er mismunandi.

Tafla 21:  
Atvinna ofbeldismannanna.

<u>Atvinna</u>	<u>fjöldi</u>	<u>hlutfall</u>
Nemendur	86	10.9
Verkamenn	64	8.1
Iðnaðarmenn	51	6.6
Bændur	34	4.4
Sjómenn	31	3.9
Atvinnurekendur	31	3.9
Bifreiðastjórar	23	2.9
Sérfræðistörf	19	2.5
Kennarar og íþróttapjálfari	12	1.5
Afgreiðslu og skrifstofustörf	12	1.5
Dyra-, fanga-, sund og húsverðir	9	1.1
Atvinnulausir	6	0.8
Öryrkjar	7	0.8
Ellilífeyrisþegar	7	0.8
Lögreglu og slökkvi- liðsmenn	3	0.4
Hermenn	3	0.4
<u>Óvíst</u>	<u>388</u>	<u>49.5</u>
Samtals	786	100.0

Þrátt fyrir að ekki sé vitað um störf tæplega helmings ofbeldismannanna, er ljóst að þeir koma úr flestum starfsstéttum. Þetta og hinn mismunandi menntunar bakgrunnur þeirra staðfestir að kynferðisofbeldismenn koma úr öllum stéttum þjóðfélagsins. Í þeirra hópi er að finna prófessora, lækna og aðra sérfræðinga jafnt og ófaglærða verkamenn.

*Við gerð þessarar skýrslu nutum við ómetanlegrar aðstoðar starfsmanna Íslenskrö markaðsrannsóknna hf. Við færum þeim okkar bestu þakkir.*